



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 4. júní 2021

USK2021050108

0.0

Skipulags- og samgönguráð

Efni: Tillaga Sjálfstæðisflokksins um aukna tíðni götuþrifa

Vísað er til tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aukna tíðni götuþrifa (US210084). Tillagan er svohljóðandi: „Lagt er til að auka tíðni á þrifum og þvotti á helstu stofn- og tengibrautum í borgarlandinu til að draga úr svífryksmengun. Götur hér eru þvegnar mun sjaldnar en viðgekkst áður fyrr. Í þeim löndum sem við berum okkur saman við eru þær þvegnar mun oftar en hér í því sambandi má t.d. nefna að víða í Evrópu eru þær þvegnar tvisvar í mánuði. Aukinn tíðni þrifa gatna gæti orðið mikilvægur liður í að draga úr svífryksmengun.“

Ofangreindri tillögu er erfitt að svara þar sem ekki koma fram tillögur að öðru fyrirkomulagi gatnaþrifa en nú er unnið eftir. Í grunninn er núverandi fyrirkomulag gatnaþrifa þannig að hreinsunartímabil miðist við 15. mars 2020 - 14. mars 2021. Upphaf tímabilsins er í kringum þann tíma er vorhreinsun hefst. Á síðasta tímabili voru allar stofn- og tengibrautir sópaðar að minnsta kosti þrisvar og þvegnar einu sinni. Allar húsagötur voru sópaðar tvisvar og þvegnar einu sinni.

Unnið er eftir þeim fjárveitingum sem markaðar eru í fjárhagsáætlun ár hvert í þessu verkefni.

Hvað varðar gatnaþrif fyrri tíma er einnig erfitt að svara þar sem ekki er tekið fram á hvaða árabili er átt við. Þó er ljóst að hreinsun borgarlandsins, líkt og mörg önnur verkefni, voru endurskoðuð þegar hrúnið varð árið 2008 með það að markmiði að draga úr kostnaði.

Unnið er að úttekt á hreinsun valinna borga á Norðurlöndunum í tengslum við tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í Skipulags- og samgönguráði dagsett 25. maí sl. (USK2021050099).



Hjalti J. Guðmundsson,
skrifstofustjóri rekstur og umhirðu borgarlands